


# VISSIR ÞÚ AÐ LINDASÓKN ER SÓKNIN ÞÍN?

- Í Lindasókn eru Vatnsenda-, Kóra-, Sala- og Lindahverfi.
- Guðspjónustur og sunnudagaskóli eru í Lindaskóla hvern sunnudag kl. 11
- Safnaðarheimili Lindasóknar og skrifstofa sóknarprests eru á væntanlegri kirkjulóð, Uppsöldum 3

544 4477

 [gudmundur.karl@lindakirkja.is](mailto:gudmundur.karl@lindakirkja.is)


## LINDASKÓLI



GUDMUNDUR KARL  
BRYNJARSSON,  
SOKNARPRESTUR



SAFNAÐARHEIMILI  
LINDASÓKNAR  
UPPSÖLDUM 3



## Dagskrá dymbilviku og pásku



Fimmtudagurinn 23. mars kl. 20

### SKÍRDAGUR

Kærleiksmáltíð í Safnaðarheimili

Lindasóknar, Uppsöldum 3.

Helg og hátiðleg stund.



Föstudagurinn 24. mars kl. 14

### FÖSTUDAGURINN LANGI

Upplestur Píslarsögunnar eins og hún birtist í Jóhannesarguðspjalli.

Lesturinn fer fram í Safnaðarheimilinu.



Sunnudagurinn 27. mars kl. 10

(Athugið breyttan messutima)

### PÁSKADAGUR

KRISTUR ER UPP RISINN!

Gleðirík guðspjónusta í Lindaskóla fyrir alla fjölskylduna. Að henni lokinni verður boðið upp á léttan morgunverð og páskaeggjaleit fyrir börnin. Allir velkomnir!

## FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.  
Fréttabréfið er gefið út í 2500 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.



Mynd, Katrin Kristín Hallgrímsdóttir

## ÆSKULÝÐSDAGURINN

Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar var sunnudaginn 6. mars. Í tilefni dagsins söng Kór Salaskóla undir stjórn Ragnheiðar Haraldsdóttir við undirleik Hannesar Baldurssonar organista. Ungt ljóðskáld búsett í Lindasókn, Lísá Rún Guðlaugsdóttir las frumort ljóð, fermingarþórn leiddu söfnuðinn í almennu kirkjubæninni og Gulla gæs kom í heimsókn. Á myndinni fyrir ofan eru börnin sem viðstödd voru að syngja hreyfisöngva fyrir fullorðna fólkjó



## FERMINGAR

Eins og undanfarin ár fær Lindasókn inni með fermingar sínar í Hjallakirkju og mun svo verða þar til kirkja verður risin hér. Fermingarþórn eru tæplega 80 að þessu sinni.

Fermt verður laugardagana 2. og 9. apríl kl. 10.30 og kl. 14.

## BYGGINGARNEFND

Á haustdögum útnefndi Sóknarnefnd Lindasóknar sex manns til setu í Byggingarnefnd vœtanlegrar Lindakirkju. Formaður byggingarnefndar er Þorvaldur Olafsson, húsmiðameistari en auk hans sitja í nefndinni Guðni Stefánsson, járnmíðameistari, Guðrún Pálssdóttir, fjármála- og hagsýslustjóri, Steingrímur Hauksson, verkræðingur, Sveinbjörn Sveinbjörnsson lögfræðingur og Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur auk Arnórs Pálssonar, formanns sóknarnefndar.

Nefndin hefur hist að jafnaði um hálfsmánaðarlega í vetur og hefur unnið að fjárhagsáætlun og þarfagreiningu auk þess sem unnin hefur verið mannfjöldaspá í Lindasókn einhverja áratugi fram í timann.

Á næstunni verður leitað til nokkurra arkitektastofa um að teikna skissur að kirkju á grundvelli þarfagreiningarinnar sem unnin hefur verið. Vœtanlega verður ein hugmynd valin til frekari viinnum næsta haust.

## SKÍRNIR

**Friðrik Már** var skírður heima í Glósöldum 6 þann 5. desember. Foreldrar hans eru Anna Margrét Bridde og Elvar Már Birgisson. Friðrik Már á 10 ára systur sem heitir María Dögg.

**Jón Halldór** var skírður heima í Straumsöldum 1 þann 11. desember. Foreldrar hans eru Álfheiður Ingimarsdóttir og Gunnar Þór Ólafsson. Jón Halldór á þrjá stóra bræður sem eru: Hörður Ingi 14 ára, Sigurður Guðni 7 ára og Kjartan Ólafur 4 ára.

**Sigrún Erla** var skírð í Kópavogskirkju á annan í jólum. Foreldrar hennar eru Ingibjörg H Ingólfssdóttir og Þorbjörn Ólafsson. Bróðir Sigrúnar Erlu, Kristján Ingi er tveggja ára. Fjölskyldan býr í Lomasöldum 10.

**Róbert Máni** var skírður 9. janúar heima í Hlynsöldum 1. Foreldrar hans eru Bryndís Böðvarsdóttir og Ólafur Diðrik Ragnarsson. Aron Ingi, heitir fimm ára bróðir Róbarts Mána.

**Tinna Rakel** var skírð heima í Lomasöldum 33 á afmælisdegi mömmu sinnar, Erlu Guðrúnar Emilsdóttur, 6. febrúar en pabbi Tinna Rakelar er Jón Sigurður Helgason. Eldri systkini hennar heita Agnar Smári og Hildur Lára.

**Águst Daði** var skírður heima hjá öðmu sinni og afa í Heimalind 18 þann 12. febrúar. Águst Daði er fyrsta barn foreldra sinna, Eddu Gunnarsdóttir og Ottá Ágústssonar.

**Hildur Edda** var skírð 12. febrúar heima í Lomasöldum 21. Foreldrar hennar eru Sigrún Eysteinsdóttir og Hlynur Geir Guðmundsson. Hildur Edda á 11 ára systur sem heitir Hrefna Rós.

**Haraldur Kári** var skírður heima í Hlynsöldum 10 þann 20. febrúar. Haraldur Kári er fimmra barn foreldra sinna, Hugrúnar Brynhildar Haraldsdóttur og Ottó Garðars Eiríkssonar. Eldri systkini hans eru Brynhildur Ýr 14 ára, Óttar Atli 9 ára, Hildur Hlíð 3 ára og Breki Hrafn 2 ára.

**Magnea Dís** var skírð í Kapellu Landspítalans 4. mars, sama dag og hún fæddist. Foreldrar hennar eru Camilla Þóra Þórssdóttir og Guðmundur Rafn Gylfason. Systir Magneu Dísar er Emelia Ósk, eins og hálfars árs. Fjölskyldan býr í Galtalind 6.

**Harpa** var skírð heima í Kórsöldum 3 þann 6. mars. Harpa er fyrsta barn foreldra sinna, Ragnheiðar Þorkelsdóttir og Óskars Sigurgeirssonar.

**Edda Falak Yamak og Ómar Yamak** voru skírð heima í Björtösöldum 23 þann 13. mars. Edda Falak fermist nú í vor en Ómar er 11 ára. Foreldrar þeirra eru Amalia Rut Gunnarsdóttir og Jónas Yamak.



## Stuð í strætó á föstudögum

Eins og margir vita hefur Lindasókn verið í samstarfi við KFUM&K um starf fyrir börn á aldrinum 9-12 ára, sem er á föstudögum kl. 15-16 og unglingastarf á manudögum kl. 20. Safnaðarheimili Lindasóknar hefur verið athvarf þessa starfs en jafnframt hefur það notið góðs af hinum landsfræga Lundúnastrætó sem er í eigu KFUM&K. Tíðindamaður Fréttabréfsins leit við í starfið fyrir yngri börn án föstudegi nýverið.

Börnir voru í óðaönn að hefja æfingar á látbragðsleik sem þau hyggjast frumsýna í fjölskylduguðspjónustu í Lindaskóla 3. apríl og svo aftur í Smáralind 9. apríl. Þann dag verður mikið um að vera af hálfu KFUM og K í Vetrargarðinum, enda er það fyrsti dagur skráningar í sumarbúðir á vegum félagsins á komandi sumri.

Leiðtogar í starfinu í veturni eru Ástriður Jónsdóttir sem er í forsvari, Bryan Allen Smith III, Diljá Sævarsdóttir og Jóhanna Kristín Steinsdóttir, sem hefur það vandasama hlutverk að aka strætisvagninum. Að sögn leiðtogaðanna hefur starfið gengið mjög vel í veturni. Góður kjarni barna hefur myndast sem er duglegur að sækja starfið. Að jafnaði eru milli 20 og 30 börn sem sækja starfið og hefur þeim heldur fjlögað eftir því sem á hefur liðið vetri. Aðal efni samveranna er kristin boðun og söngur en auk þess hefur verið bryddað upp á ýmsu með krökkunum til dæmis bakaðar kökur, föndrað, farið í leiki og sprellað á ýmsan hátt. Leiðtogaðir voru sammála um að gaman



Leiðtogaðir fv: Diljá, Ástriður, Bryan og Jóhanna



**INGI**  
**HÓPFERÐIR**  
**5544466**